

## Minnisblað

### Landsfundur um jafnréttismál Sveitarfélaga 2022

Undirritaður fór ásamt Eyrúnu Fríðu Árnadóttur á landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga sem haldinn var í Hofi á Akureyri þann 15. september síðastliðinn. Áhersla fundarins var á endurnýjun jafnréttisáætlana hjá sveitarfélögum en samkvæmt lögum skulu sveitarstjórnir leggja fram til samþykktar áætlun um jafnréttismál til fjögurra ára, eigi síður en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Í slíkri áætlun skal sveitarfélagið setja fram markmið og tilgreina þær aðgerðir sem þarf að fara í til að sporna gegn mismunun. Í máli Jóns Fannar Kolbeinssonar, lögfræðings hjá Jafnréttisstofu, kom jafnframt fram að slík áætlun skuli svo endurskoðuð árlega.

Á eftir Jóni Fannari tók til máls Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, og fór yfir niðurstöður könnunar um stöðu og þróun jafnréttismála hjá sveitarfélögum. Yfirferðin var mjög upplýsandi og vakti upp spurningar hvað við getum gert til að afla nákvæmari upplýsna um stöðu jafnréttismála í Sveitarfélaginu Hornafirði, sem gætu svo nýst við gerð nýrrar jafnréttisstefnu, svo sem markvissri söfnun á kyngreindum gögnum og hvar íbúar upplifa að halli á þá vegna kynferðis, kynvitundar, kynhneigðar, kynþáttar, trúar, uppruna eða annarra þátta. Þá var einnig farið yfir þá þætti sem helst vantaði uppá hjá sveitarfélögum og má þar meðal annars nefna geð áætlunar um ofbeldi í nánnum samböndum og heimilisofbeldi, samþætting á jafnréttis- og kynjafræðslu og kannanir á samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

Marta Birna Baldursdóttir, sérfræðingur hjá Fjármálaráðuneytinu, kynnti fimm skrefa ramma sem notaður er til að auðvelda vinnu við jafnréttismat og kynjaða fjárlagagerð. Sjá nánar [hér](#). Verkfærið er mjög aðgengilegt og ætti að vera auðvelt að innleiða það í alla greiningarvinnu sveitarfélagsins ef vilji er fyrir hendi. Þá fór hún einnig yfir lifandi hugmyndabanka sem Jafnréttisstofa heldur utan um og er gott tæki fyrir sveitarfélög að nota í vinnu sinni við gerð jafnréttisáætlana og framkvæmdaáætlun. Hægt er að sjá hugmyndabankann [hér](#). Að lokum fór hún svo yfir greinargóðan leiðarvísi að gerð jafnréttisáætlunar sem Jafnréttisstofa hefur gefið út og má sjá betur [hér](#).

Því miður komst Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir ekki á ráðstefnuna með sitt erindi en hún er verkefnastjóri hjá Austurbrú. Þátttakendur voru þó hvattir til að kynna sér þær rannsóknir og kannanir sem þeir hafa unnið að sem horfa mikið til áhrifa ákvörðunartöku á kynin. Sem dæmi má nefna rannsókn um nýtingu loftbrúar og áhrif ferðakvíða á einstaklinga og út frá kyni milli byggðarkjarna í fjölkjarna sveitarfélagi. Rannsóknir Austurbrúar má skoða nánar [hér](#).

Eftir erindin var komið að vinnustofu sem SÍMEY (Símenntunarstöð Eyjafjarðar) hélt utan um. Vinnustofan var þrískipt, 1. Sjáum – Þátttakendur horfa inn á við og skoða hvort við séum að mismuna, 2. Greinum – Hverjar eru helstu áskoranir sveitarfélaga í jafnréttismálum og 3. Hefjumst handa – skipulag, áætlun, drög og hvað svo?

Vinnustofurnar voru gagnlegar og á þeim sköpuðust góðar og málefnalegar umræður og ljóst að jafnrétti og sýn á það er ekki einstrengingslegt heldur hefur hver sína skoðun á málinu og hægt að færa rök fyrir flestum sjónarmiðum. Vinnustofurnar voru settar upp með það í huga að þátttakendur gætu farið heim með skýrari mynd í huga um hver næstu skref eru hjá sínu sveitarfélagi við endurskoðun og framsetningu nýrrar jafnréttisáætlunar. Ég tel að við stöndum um margt ágætlega í jafnréttismálum í Sveitarfélaginu Hornafirði en jafnframt eru til staðar mörg tækifæri til að ná enn frekari árangri og vera leiðandi í þessum málum á landsvísu. Við erum ekki stór eining en höfum jafnframt gott aðgengi að íbúum til að greina þeirra upplifun á jafnréttismálum í sveitarfélaginu. Þá eru mikil tækifæri fólgin í því að innleiða kynjuð greiningartæki í alla ákvörðunartöku og fjárlagagerð.

Fyrir liggur að starfsmönnum velferðarsviðs hefur verið falið að vinna að leggja fram tillögu að vinnulagi við gerð mannréttindastefnu sbr. Bókun bæjarráðs í máli 202112017 á 1049. fundi sínum þann 1.9.2022. Ljóst er að samhliða þessari vinnu mun endurskoðun jafnréttisáætlunar, ásamt aðgerðaráætlun, fara fram og vera leiðarljós í uppsetningu mannréttindastefnu sveitarfélagsins enda mikil samlegðaráhrif þar á milli. Framundan er því mikil vinna þar sem mikilvægt er að vanda til verka svo niðurstaðan verði gagn sem hægt er að nýta við alla vinnu, áætlunargerð og ákvörðunartöku í sveitarfélaginu, öllum til heilla.

Skúli Ingibergur Þórarinsson  
Félagsmálafulltrúi.